

Mál nr. 21/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 22. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 21/2013

HRFÍ

gegn

A

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (A) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann X án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 13. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 23. janúar 2014 þar sem henni var gefinn viðbótarsvarfrestur til 30. janúar. Kærða virti ekki heldur viðbótarfrest og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærða myndi halda uppi vörnum í málinu né útskýra meint brot sitt þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 15. júlí 2013 var tíkin Z pöruð við rakkann X hinn 20. febrúar 2013. Hundarnir eru af kyninu Siberina husky og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðan framlengdan frest, né reyndi að útskýra á nokkurn hátt meint brot sitt.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Siberian husky:

„Augnvottorð: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 20. febrúar 2013 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Siberian husky skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ .

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Fyrir liggur að kærða hefur farið með tíkina í augnskoðun eftir pörunina þar sem í ljós kom til allra heilla að hún stóðst skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

En þar sem kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir